



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2008.

Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga. Málsnúmer 374.

Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til skipulagslaga. ÖBÍ fagnar framkominni markmiðsgrein.

Inngangur.

Við gerð frumvarps til laga um mannvirki skal bent á mikilvægi þess að taka mið af stjórnarskrá lýðveldisins og sáttmála Sameinuðu þjóðanna með eftirfarandi þætti í huga;

65. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem segir,
“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðemisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættemis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.”

Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun sem undirritaður var af ríkisstjórn 30. mars 2007, í 3 gr. um almennar meginreglur,
b-lið, bann við mismunun,
c-lið um að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar og
f-lið um aðgengi sem nánar er útfært í 9. grein sáttmálans.

í 9. gr. um aðgengi í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun stendur meðal annars:

„ 1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðum kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðum aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og

 dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem telast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem eru á aðgengi, skulu meðal annars ná til:

a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þ.m.t. skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisþjónustu og vinnustaða.“

Öryrkjabandalag Íslands hefur átt fulltrúa í bakhópi nefndar sem unnið hefur að endurskoðun byggingarhluta núgildandi skipulags- og byggingarlaga frá 2003 (frumvarp til laga um mannvirki). ÖBÍ telur að þar hafi verið vel að verki staðið, en harmar að hafa ekki fengið að koma að frumvarpi um skipulagshluta með sama hætti. ÖBÍ hefur að kjörorði: „Ekkert um okkur án okkar“. Þetta á ekki hvað síst við er unnið er að frumvarpi um skipulagslög líkt og lögum um mannvirki, en bæði hafa gífurleg áhrif á samfélagsþátttöku lang flestra félaga bandalagsins.

Umhverfið ræður miklu um líðan mannsins. Vel grunduð skipulagslög eru því ein helsta forsenda fyrir góðu samfélagi og er mikilvægt að markmið þeirra laga séu skýr og öllum til hagsbóta.

Athugasemdir við frumvarpið.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til skipulagslaga:

I. Kafli

1. gr. Markmið.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar að í markmiðsgrein frumvarpsins sé komið í „e. lið „að tryggja...//...útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.“

2. gr. Skilgreiningar

Mikilvægt er að hugtakið „**aðgengi fyrir alla**“ verði skilgreint.

Eini staðurinn í frumvarpinu þar sem aðgengi er skilgreint, að einhverju leiti er í 4 mgr. 45 gr. um skipulagsreglugerð:

„ Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvá, verndar, svo sem vatnsverndar, eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi fyrir alla“.

Þetta er skýrt og mikilvægt að verði betur útfært í reglugerð.

Eins og gefur að skilja þá hefur hvers konar skipulag veruleg áhrif á aðgengi. Hvort sem um er að ræða landsvæði eða hvers konar mannvirki skulu byggð á ákveðnum reit er ávallt mikilvægt að skoða hverjir muni nota svæðið eða

bygginguna en í stjórnarskrá Lýðveldis Íslands er kveðið á um að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinn.



Ekki er um jafnrétti, ef menn geta ekki notið skólagöngu, vegna óásættanlegs aðgengis, t.d. þar sem illmögulegt er að komast um hverfið. Sama á við um bústaði, atvinnu, heilsugæslu, félagslega þjónustu eða tómstundir, að ekki sé talað um náttúruverndarsvæði eða þjóðgarða.

Niðurstöður.

Öryrkjabandalag Íslands leggur á það þunga áherslu að í markmiðsgrein frumvarpsins sé lögð áhersla á **aðgengi fyrir alla**. ÖBÍ fagnar að þetta skuli koma skýlaust fram í frumvarpi til skipulagslaga.

Allt frá fyrstu heildarlögum um byggingarmálefni frá árinu 1979 hefur Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og önnur félög innan ÖBÍ óskað eftir að fá þvingunarúrræði og viðurlög sérstaklega þegar ekki er farið að lögum um aðgengi. Á þessu hefur verið töluverður misbrestur og því óásættanlegt að ekki skuli koma fram í frumvarpinu að aðgengi skuli vera samkvæmt lögum til að taka megi byggingar eða landsvæði í notkun.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ.

Guðmundur Magnússon, formaður ferlinefndar ÖBÍ
og fulltrúi ÖBÍ í bakhópi nefndar um endurskoðun
skipulags- og byggingarlaga er varðar byggingar- og brunamál.